

Sjöundi fundur vetrarins í Gammadeild var haldinn miðvikudaginn 13. mars 2013 í Sæmundarskóla Gvendargeisla 168 ,Grafarholti í Reykjavík.

Mæting var 17:30 en þá var farið í stuttan göngutúr um skólalóðina og fallegt umhverfið í nágrenni hennar skoðað. Ekki gafst tækifæri til að sjá útikennslustofuna almennilega þar sem hún var illfær sökum fannfergis síðustu daga. En veðrið lék við okkur á göngunni og Reynisvatnið var spegilslétt og fallegt á að líta.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Árný Elíasdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinpórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Margrét Jónsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

Tekið fyrir

Fundarsetning Árný setti fund klukkan 18:00 og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 18 konur fundinn. Árný fór því næst yfir dagskrána. Byrjað var á því að fara í útikennslustofu eins og áður segir. Að öðru leyti var dagskráin þannig að Eygló Friðriksdóttir skólastjóri tók á móti okkur og kynnti Sæmundarskóla og Guðrún Gísladóttir kennari í námsleyfi sagði okkur frá verkefninu *Líf og list á landi*, samþætting verk- og listgreina við náttúrugreinar og að lokum voru umræður. Fundargerð síðasta fundar og orð til umhugsunar voru látin bíða næsta fundar.

Sæmundarskóli Eygló Friðriksdóttir skólastjóri sagði okkur frá áherslum og starfi skólans. Í Sæmundarskóla starfa rúmlega 400 nemendur og 60 starfsmenn saman undir einkunnarorðunum Gleði – Virðing – Samvinna. Skólastarfið hófst í Sæmundarseli við Ingunnarskóla árið 2004. Selið varð svo sjálfstæður skóli um áramótin 2006 – 2007 og var nefndur Sæmundarskóli eftir Sæmundi fróða. Skólinn er í nýrri og glæsilegri byggingu sem formlega var tekin í notkun haustið 2011.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og getur nám farið fram bæði inni og úti. Þemanám er hjarta skólastarfsins þar sem möguleiki er á að sökkva sér niður í viðfangsefni og samþætta námsgreinar þ.a.m. list- og verkgreinar. Þannig ætti sem flestum nemendum að gefast tækifæri til að njóta hæfileika sinna og blómstra í skólastarfinu. Í námskrá 3. bekkar segir um þema. Þema er samþætting námsgreina (samfélagsfræði, náttúrfraði, kristinfræði og listgreina). Unnið er með eitt þema í einu í 4 -5 vikur. Í upphafi hvers þema eru sett fram skýr markmið svo að nemendur geri sér grein fyrir tilgangi verkefnanna. Í þemavinnu er leitast við að hafa fjölbreytt verkefni sem ná til allra nemenda. Frammistaða og virkni nemenda er metin eftir hvern tíma ásamt því að nemendur gera sjálfsmat í lok hvers þema. Markmiðum, lýsingu, afrakstri þemavinnu og matsblöðum er safnað í verkmöppur. Eftirtalin þemu eru t.d. kennd árið 2012-2013: Álfar, Ég og fjölskyldan, Land og þjóð. Jólin, Fuglar, Risaeðlur, Vatn og Páskar. Nemendur vinna verkmöppur en það eru A3 harðspjalda gormabækur. Í möppurnar eru sett verkefni nemenda úr þemavinnunni, markmið og lýsing hvers verkefnis fyrir sig ásamt eyðublöðum fyrir sjálfsmat. Einnig eru valin verkefni úr íslensku, stærðfræði og útikennslu. Nemendur byrja að vinna möppurnar í 1. bekk og ljúka þeim í 3. bekk og fara þá með þær heim. Markmiðið með þessari vinnu er:

Að nemendur fái yfirsýn yfir vinnu sína.

Að nemendur sjái framfarir.

Að nemendur læri að meta sig sjálfir.

Að nemendur sjái að virðing er borin fyrir vinnu þeirra.

Í Sæmundarskóla er stuðst við PBS agakerfið til að styrkja jákvæða hegðun. Við umgöngumst umhverfi okkar af virðingu, hlúum að gróðri og njótum útiveru þegar tækifæri gefst. Árgöngum er samkennt til að efla samvinnu í skólanum. Það er sýn skólans að góð samvinna skili okkur auknum árangri í námi og starfi og styrki skólasamfélagið sem heild.

Eygló leiddi hópinn í áhugaverða kynnisferð um skólann þar sem konur, skoðuðu, spurðu og hrifust af starfi og húsakynnum. Eftir gönguna var boðið upp á súpu, nýbakað brauð og kaffi og konfekt.

Guðrún Gísladóttir kynnti okkur svo verkefnið *Líf og list á landi sem er* M.Ed verkefni hennar við Háskóla Íslands. Verkefnið fjallar um samþættingu náttúrugreina og list- og verkgreina og byggir á bók Sólrúnar Harðardóttur *Líf á landi* sem ætlað er miðstigi í náttúrugreinum. Í verkefninu eru bornar fram tillögur til samþættingar (verkefnasafn) þar sem unnið er með þemu bókarinnar með aðferðum lista og handverks. Verkefnin taka jafnframt mið af sex grunnþáttum menntunar eins og þeir birtast í Aðalnámskrá grunnskóla (2011).

Fundarlok Árný færði Eygló Friðriksdóttur og Guðrúnu Gísladóttur rósir fyrir áhugaverða kynningu og fræðandi erindi og undirritaðri færði hún einnig rós fyrir skipulag fundarins og hlýlegar móttökur.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.